



267. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 23. ágúst 2018 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Lilja Sigurðardóttir, Viðar Garðarsson, Þráinn Hafsteinsson, Örn Andrésson og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri.

Forföll: Jón Finnbogason, Úlfur H. Hróbjartsson, Þórey Edda Elísdóttir og Þráinn Hafsteinsson. Gestir fundarins: Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi og Steinunn Anna Í. Tómasdóttir gjaldkeri. Forseti setti fundi og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur ÍSí - skýrsla endurskoðanda

Forseti bauð Tryggva E. Geirsson endurskoðanda velkominn inn á fundinn. Tryggvi skýrði þær breytingar sem gerðar hafa verið á uppsetningu ársreiknings ÍSí, sem eru umtalsverðar frá síðasta uppgjöri. Helsta breytingin felst í því að fallið er frá nettóaðferðinni og eru allar tölur nú sýndar með brúttóaðferð. Nokkuð langur aðdragandi hefur verið að þessum breytingum en með breytingunum verður m.a. meira gagnsæi í ársreikningi, með tilliti til nauðsynlegrar upplýsingagjafar til opinberra aðila. Einnig voru gerðar breytingar á framsetningu sjóða og skýringar einfaldaðar. Tryggvi var nú ráðinn endurskoðandi ÍSí en var áður kjörinn. Á síðasta Íþróttapingi ÍSí voru kosnir tveir skoðunarmenn ÍSí og hafa þeir farið yfir ársreikninginn og undirritað hann.

Tryggvi sagði endurskoðunina hafa gengið vel og sagðist afar ánægður með samstarfið við gjaldkera stjórnar og starfsfólk ÍSí. Hann fór yfir skýrslu sína um endurskoðun reikningsins.

Forseti þakkaði Tryggva fyrir hans góðu störf og sagðist ánægður með breytingarnar á framsetningu ársreikningsins, sérstaklega í ljósi fyrirspurna og krafna um gagnsæi.

Gunnar Bragason gjaldkeri vísaði í yfirferð sína yfir helstu þætti ársreikningsins á síðasta fundi framkvæmdastjórnar ÍSí. Gott jafnvægi var í rekstri ÍSí síðastliðið starfsár og niðurstaða reksturs er góð.

Fram kom í máli Gunnars og Tryggva að eignir ÍSí eru ekki afskrifaðar í ársreikningi. Til skoðunar getur verið að leggja ákveðna upphæð til hliðar árlega, t.d. í Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSí.

Tryggvi og Steinunn Anna viku af fundi.

2. Starfsmannamál

Brynja Guðjónsdóttir, nýr verkefnastjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí, og Kristín Birna Ólafsdóttir nýr verkefnastjóri Almenningsíþróttasviðs ÍSí komu inn á fundinn, til kynningar.

3. Ólympísk málefni

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fór yfir stöðu ólympískra verkefna.

Hann lagði fram tilnefningar sviðsins um þátttakendur á Ólympíuleikum ungmenna í Buenos Aires 6.-18. október nk. Samþykkt að eftirtaldir skipi íslenska hópinn á leikunum:

Fimleikar: Martin Bjarni Guðmundsson, keppandi í fjölþraut drengja
Róbert Kristmannsson, flokksstjóri/keppandi

Frjálsíþróttir: Elísabet Rut Rúnarsdóttir, keppandi í sleggjukasti
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir, keppandi í 200m hlaupi
Valdimar Hjalti Erlendsson, keppandi í kringlukasti
Brynjar Gunnarsson, flokksstjóri/þjálfari

Golf: Hulda Clara Gestsdóttir, keppandi í einstaklings- og liðakeppni
Ingvar Andri Magnússon, keppandi í einstaklings- og liðakeppni
Jussi Pitkanen, flokksstjóri/þjálfari

Sund: Brynjólfur Óli Karlsson, keppandi í 50 og 200m baksundi
Karen Mist Arngeirsdóttir, keppandi í 100 m bringusundi
Snæfríður Sól Jórunnardóttir, keppandi í 50, 100 og 200m skriðsundi
Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir, flokksstjóri/þjálfari

Tillagan samþykkt samhljóða.

Áður var búið að samþykkja Örvar Ólafsson sem aðalfararstjóra og Ingibjörgu Kristínu Jónsdóttur sem ungan áhrifavald (Young Change Maker) á leikunum. Forseti og framkvæmdastjóri munu sækja leikana og í leiðinni ráðstefnuna Olympism in Action á vegum Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC).

4. **Fagsvið ÍSÍ**

Garðar Svansson formaður Almennings sviðs ÍSÍ fór yfir stöðu verkefna á sviðinu. Setning Göngum í skólann verður 5. september nk. í Ártúnsskóla. Undirbúningur fyrir Íþróttaviku Evrópu er í fullum gangi en vikan hefst sunnudaginn 23. september með viðburðum í Laugardalnum. Kvennahlaup ÍSÍ verður 30 ára á næsta ári. Rætt um að skipa sérstaka afmælisnefnd til undirbúnings fyrir afmælishlaupið.

Samþykkt að heimila Almenningsíþróttasviði ÍSÍ að vinna að stofnun nefndar um íþróttir 50+.

5. **Þátttaka í EYOWF í Sarajevo og A-Sarajevo, EYOF í Baku 2019**

ÍSÍ hefur borist formlegt boð um þátttöku í Vetrar- og Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar árið 2019. Samþykkt að taka þátt í verkefnunum.

6. **Þátttaka í Evrópuleikunum í Minsk 2019**

ÍSÍ hefur borist formlegt boð um þátttöku í Evrópuleikunum í Minsk árið 2019. Samþykkt að taka þátt í verkefninu.

7. **Erindi HSÍ vegna beiðni Íþróttafélagsins Þórs varðandi keppnisheiti mfl. og 2. flokks karla í félaginu í handknattleik**

Erindi hefur borist frá Handknattleikssambandi Íslands þar sem óskað er eftir álitum ÍSÍ á beiðni Íþróttafélagsins Þórs um að fá að senda meistaraflokk og 2. flokk karla í handknattleik í Íslandsmótið i handknattleik undir heitinu Akureyri, handbolti – Þór.

Samþykkt að forseti og framkvæmdastjóri leiti eftir ítarlegri útskýringum og upplýsingum frá félaginu varðandi þetta mál.

8. **Nordic Meeting 2018**

Árlegur fundur norrænna íþrótta- og Ólympíusamtaka verður haldinn 14.-16. sept. í Visby á Gotlandi. Hann sækja forseti, varaforseti, gjaldkeri, framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri og sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí. Formaður og framkvæmdastjóri Íþróttasambandsd fatlaðra munu sitja hluta af fundinum en samhliða honum verður haldinn fundur norrænna samtaka um íþróttir fatlaðra.

Fyrirhugað er að taka tvær samnorrænar yfirlýsingar fyrir á fundinum. Önnur lýtur að baráttunni gegn hagræðingu úrslita í íþróttum og fyrirætlunum um að dómur sem falla í málum í einu af Norðurlöndunum gildi einnig í öðrum Norðurlöndum. Rætt um stöðu mála hér á landi og hvaða ráðstafanir þarf að gera í aðdraganda Íþróttabings á næsta ári varðandi þennan málaflokk.

Hin varðar NILE, norræna leiðtogamenntun sem Noregur, Danmörk, Svíþjóð og Finnland hafa staðið saman að undanfarin ár. Samþykkt að óska eftir heimild til að senda 1-2 þátttakendur í næstu námslotu 2019-2020 með fyrirvara um að ÍSí greiði eingöngu fyrir þá þátttakendur en þurfi ekki að leggja til fullt aðildargjald eins og þau lönd sem senda 5 þátttakendur í námið hverju sinni.

9. **Persónuvernd**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Drög að Persónuverndarstefnu ÍSí lögð fram til kynningar. Áhættumat fyrir verkefni ÍSí er í vinnslu. Framkvæmdastjóra falið að skoða þörf og kröfur varðandi skipun/ráðningu sérstaks Persónuverndarfulltrúa fyrir ÍSí.

10. **#metoo**

Ása Ólafsdóttir skýrir frá niðurstöðum starfshóps mennta- og menningarmálaráðherra en Ása átti sæti í hópnum sem fulltrúi ÍSí. Hópurinn skilaði lokaskýrslu til ráðherra, sem fundarmenn fengu senda með fundarboði, til kynningar. Hópurinn skilaði einnig drögum að frumvarpi til ráðherra um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála. Ása skýrði niðurstöður hópsins en í þeim er að finna almennar tillögur, tillögur sem beinast að íþróttahreyfingunni, sveitarfélögum og ráðuneytinu, um úrbætur í málaflokknum.

Töluverðar umræður urðu um málið.

Ásu þakkað fyrir mikil og góð störf í starfshópnum.

11. **Ráðstefna um skipulag íþróttahreyfingarinnar**

Fyrirhugað er að halda ráðstefnu um skipulag íþróttahreyfingarinnar 16. nóvember nk. í Laugardalshöll. Gunnar Bragason, Lilja Sigurðardóttir og Viðar Garðarsson sitja í undirbúningshópi fyrir ráðstefnuna. Gunnar og Viðar skýrðu frá fyrirhuguðu fyrirkomulagi ráðstefnunnar, sem enn er í mótun. Drög að dagskrá og nánari upplýsingar um ráðstefnuna verða kynnt embættismönnum stjórnar innan skamms.

12. **Lykiltölur úr starfsskýrslum ÍSí 2017**

Frestað.

13. Heiðranir

Samþykkt að veita Tryggva Sigtryggssyni úr Golfklúbbi Ísafjarðar Gullmerki ÍSÍ, að tillögu Héraðssambands Vestfirðinga í tilefni 40 ára afmælis klúbbsins. Áætlað er að afhenda merkið á afmælishófi klúbbsins síðar á árinu.

14. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 266. fundur framkvæmdastjórnar
- 9., 10. og 11. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2018
- Fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 23. ágúst 2018
- Fundir Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ frá 17. júlí og 21. ágúst 2018
- Verkefnasjóður ÍSÍ, 3. fundur, 23. ágúst 2018. **Samþykkt styrkveiting að upphæð kr. 300.000 til Klifurnefndar ÍSÍ til útbreiðsluverkefnis á landsbyggðinni til að efla íþróttina á Íslandi.**
- Skýrsla Dominiqua Belányi og Benedikts Jónssonar, þátttakenda í námskeiði Alþjóðaólympíuakademíunnar í Ólympíu í Grikklandi í sumar

15. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

16. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Samþykkt að næstu fundir stjórnar verði á eftirfarandi dögum:
27. september, 18. október, 15. nóvember og 6. desember.

17. Önnur mál

2018 EOC Laurel Awards

Samþykkt að tilnefna Ellert B. Schram, Heiðursforseta ÍSÍ, til 2018 EOC Laurel Awards fyrir hans miklu störf í þágu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og knattspyrnuíþróttarinnar í Evrópu.

Erindi frá KSÍ

KSÍ hefur óskað eftir viðtækum upplýsingum um styrkveitingar úr Ferðasjóði íþróttafélaga til knattspyrnufélaga á landsvísu. Skrifstofu gefin heimild til að láta KSÍ þessar upplýsingar í té. Ekki er um að ræða persónugreinanlegar upplýsingar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.